

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnессýslu
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík 7. maí 2020
UST202004-279/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing – Deiliskipulag fyrir Borg í Grímsnesi – Grímsnes – og Grafningshreppur

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Grímsnes – og Grafningshrepps er barst 29. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að deiliskipulagi fyrir miðsvæði og útvistarsvæði í þéttbýlinu Borg í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í greinargerð kemur fram að helstu markmið deiliskipulagsins á miðsvæðinu sem er um 3 ha að stærð er að stofna lóðir fyrir fjölbreytta starfsemi verslunar- og þjónustu, þar sem einnig er gert ráð fyrir íbúðarbyggð og efla þannig atvinnu og þjónustu innan sveitarfélagsins. Útvistarsvæðið sem er um 18 ha verður mikilvægt fyrir íbúa jafnt sem ferðamenn þar sem áhersla verður lögð á uppbyggingu opinna trjálunda með göngustígum og áningarástöðum.

Hraun

Umhverfistofnun bendir á að svæðið sem tillagan nær til nefnist Borgarhólahraun og er forsögulegt hraun. Auk þess er á svæðinu gjall- og klepragígar sem nefnist Borgarhólar.

Umhverfisstofnun bendir á að hraunið fellur undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og mikilvægt sé að mati stofnunarinnar að það komi fram í tillögunni.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við valkostagreiningu að verndargildi hraunasvæða séu metin og m.a. tekið sé tillit til jarðmyndanna s.s. gíga og hraunfláka.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúrumínjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr., rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.


Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr., að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Sala eldsneytis

Í greinargerð kemur fram að tillagan gerir ráð fyrir sölu eldsneytis. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að tekið sé fram í greinargerð tillögunnar að farið verður eftir reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.


Forsendur, ferðamenn og bílastæði

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í forsendum tillögunnar hver sé áætlaður fjöldi ferðamanna sem mun heimsækja útvistarsvæðið sem hér er til umfjöllunar. Með þeim forsendum væri hægt að rökstyðja umfang tillögunnar, stærð bílastæðis, þjónustubyggingar og áningarástaða, og umfang göngustíga. Auk þess bendir Umhverfisstofnun á að gert er ráð fyrir bílastæði í enda Borgarbrautar (mynd 2). Umhverfisstofnun bendir á að umferð bíla um íbúðarhverfið geti aukist með staðsetningu bílastæðis í enda Borgarbrautar.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur